TBG ehf.

Grensásvegi 7
108 Reykjavík
Sími 568-4268

2025-09-14

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2026 vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi :

"35.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

35.4. Hlutfallstala viðbótariðgjalds skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður hlut-fall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur."

Stuðst er við upplýsingar úr samantekt Vigfúsar Ásgeirssonar varðandi árin 1963-2015 um greiðslu iðgjalda og lífeyris þau ár, og ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar árið 2017 og Brúar lífeyrissjóðs árin 2018-2021 um greiðslu iðgjalda, og lífeyris og kostnaðar árin 2016-2021. Kostnaður áranna 2015 og fyrr en reiknaður miðað við meðalhlutfall kostnaðar af iðgjöldum og lífeyri árin 2016-2017. Nauðsynlegt viðbótariðgjald er svo reiknað miðað við þessar upplýsingar og forsendur og niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sem gerð var miðað við lok ársins 2021. Var niðurstaðan að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum reiknist nauðsynlegt viðbótariðgjald samkvæmt þessu ákvæði 71% fyrir árið 2022. Hlutfallið var óbreytt frá 2022-2025 enda voru forsendur útreikninga óbreyttir.

Seint á árinu 2024 var forsendum útreikninga á skuldbindingum breytt lítillega, með auglýsingu fjármálaráðuneytis á nýjum staðalforsendum fyrir tryggingafræðilegar athuganir hvað varðar örorkulíkur, barneignalíkur, giftingarlíkur og meðalaldur maka. Þessar nýju forsendur hækkuðu mat skuldbindinga lítillega, en áhrif á reiknað viðbótaiðgjald eru óveruleg.

Fjármálaráðuneyti hefur ekki enn auglýst breytingar á forsendum við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða miðað við lok árs 2025. Að óbreyttu er því gerð tillaga um sama viðbótariðgjald árið 2026 og gilt hefur undanfarin ár, eða **71%.**

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026